

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. september 2012 í máli nr. E-189/2012:

Bílaleigan Berg ehf.

(Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Guðrún M. Árnadóttir hrl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 10. september sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Bílaleigunni Bergi ehf., Tangarhöfða 8, Reykjavík á hendur íslenska ríkinu, Arnarhvoli, Reykjavík, með stefnu birtri 13. janúar 2012.

Stefnandi krefst þess að ógilt verði með dómi ákvörðun tollstjóra frá 11. nóvember 2011, þess efnis að afturkalla eftirgjöf á vörugjaldi vegna bílaleigubifreiðar HLN81.

Stefnandi gerir einnig þá kröfu að stefnda verði gert að greiða stefnanda 2.640.235 kr. „með almennum vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 21. nóvember 2011 til greiðsludags og dráttarvöxtum, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 13. janúar 2012 til greiðsludags“. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Til vara er krafist lækkunar stefnukrafna og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir

Stefnandi er bílaleiga sem stundar útleigu á bifreiðum, aðallega til ferðamanna en einnig til einstaklinga, hópa og fyrirtækja. Í starfsemi sinni nýtir stefnandi sér því ákvæði tollalaga sem veita bílaleigum ívilnun sem felst í lækkun vörugjalda af bifreiðum sem ætlaðar eru til útleigu. Þegar slík undanþága er veitt er settur svokallaður breytingalás á viðkomandi bifreið.

Hinn 28. september 2011 sendi stefnandi tollstjóra lista yfir ákveðnar bifreiðar sem til stóð að eigendaskipti yrðu á og óskaði eftir því að breytingalási þeirra yrði aflétt. Bifreiðin HLN81 var ein þeirra bifreiða. Hinn 10. október 2011 ítrekaði stefnandi beiðnina. Daginn eftir óskaði tollstjóri eftir bílaleigusamningum tveggja bifreiða, HLN81 og HVE98. Kvað tollstjóri að um stikkprufu væri að ræða. Stefnandi varð

við þeirri beiðni.

Hinn 27. október sl. var bifreiðin HLN81 seld, en á þeim tíma hafði breytingalási hennar ekki enn verið aflétt. Hinn 10. nóvember 2011 óskaði stefnandi eftir svörum um hvort afléttingar á breytingalási umræddrar bifreiðar væri að vænta. Daginn eftir, eða hinn 11. nóvember, barst stefnanda ákvörðun tollstjóra um að afturkalla eftirgjöf vörugjalds vegna bílaleigubifreiðarinnar HLN81. Þá krafðist tollstjóri endurgreiðslu af eftirgefnu vörugjaldi af þeirri bifreið, að fjárhæð 2.640.235 kr. Stefnandi greiddi umrætt gjald hinn 21. nóvember 2011 með fyrirvara um betri rétt stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi telur að ákvörðun tollstjóra frá 11. nóvember 2011, þess efnis að afturkalla eftirgjöf vörugjalds vegna bílaleigubifreiðarinnar HLN81, hafi ekki viðhlítandi lagastoð og sé því ógild. Að auki telur stefnandi að umrædd ákvörðun tollstjóra hafi verið annmörkum háð og sé því ógildanleg.

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að lagastoð stjórnvaldsákvörðunarinnar skorti. Þau skilyrði sem ákvörðun tollstjórans frá 11. nóvember 2011 byggist á og sett séu fyrir lækkun vörugjalda í reglugerð 311/2000 séu ólögmæt. Sú afstaða byggist á því að engin heimild sé í lögum fyrir umrætt skilyrði um hámarksleigutíma og að önnur skilyrði reglugerðarinnar gangi auk þess lengra en heimild sé til í lögum.

Í 2. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjöld af ökutækjum, eldsneyti o.fl. sé kveðið á um að vörugjald af bílaleigubifreiðum sé lækkað að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Lögbundin skilyrði fyrir slíkri lækkun séu tæmandi talin í ákvæðinu. Þau séu tvö: Í fyrsta lagi að bifreiðin sé skráð á leyfisskyldri bílaleigu og í öðru lagi að hún sé notuð til bílaleigu af umræddri bílaleigu. Önnur skilyrði komi þar ekki fram.

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993 sé svo að finna heimild ráðherra til að setja nánari reglur um þær bifreiðar sem njóti undanþágu skv. ákvæðinu. Enga heimild sé þar að finna til að skilyrða notkun umræddra bifreiða eða tiltaka ákveðinn hámarksleigutíma þeirra. Í 28. gr. umræddra laga sé svo að finna almenna reglugerðarheimild. Á grundvelli þessara heimilda hafi verið sett reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, sem tollstjóri byggir umrædda afturköllun á. Í 14. gr. ofangreindrar reglugerðar sé kveðið á um nánari skilyrði þess að vörugjald sé lækkað á bílaleigubifreiðum en mörg þeirra skilyrða sem þar séu sett fram eigi sér ekki stoð í lögum nr. 29/1993. Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. umræddrar reglugerðar komi til dæmis fram að lækkun komi ekki til greina ef gerður er leigusamningur við sama leigutaka, eða aðila tengdum honum, lengur en í 45 daga af sérhverju 100 daga tímabili, hvort sem um sömu bifreið er að ræða eða aðra. Hér séu skilyrði lækkunar vörugjalds þrengd verulega án þess heimild sé til þess í lögum.

Þessi takmörkun sé alls ósamrýmanleg því sem komi fram í ofangreindu lagaákvæði þar sem skilyrðin séu mun almennari og vægari. Slíkt sé ótækt enda takmarka ákvæði stjórnarskrár að verulegu leyti þess konar framsal

lögjafarvaldsins til framkvæmdarvaldsins Þá gangi umrædd skilyrði þvert á markmið heimildarákvæðisins um bætta samkeppnisstöðu bílaleigufyrirtækja.

Stjórnskipan ríkisins byggist á lögmatísreglunni sem feli það meðal annars í sér að stjórnvaldsfyrirmæli verði að eiga viðhlítandi stoð í lögum og megi ekki fara í bága við lög. Engin slík stoð sé hins vegar fyrir þeirri reglu að bílaleigu sé óheimilt að gera leigusamning við sama leigutaka, lengur en í 45 daga af sérhverju 100 daga tímabili. Til að stjórnvaldsfyrirmæli öðlist réttarheimildarlegt gildi í íslenskum rétti þá verði þau að eiga sér viðhlítandi stoð í settum rétti, almennum lögum og stjórnarskrá. Í ljósi þess að umrætt ákvæði reglugerðar nr. 311/2000 eigi sér enga slíka stoð hafi ákvæðið ekkert réttarheimildalegt gildi. Af þeim sökum sé ákvörðun tollstjóra frá 11. nóvember 2011, sem byggð sé á ákvæðinu, ógild og sé krafist dóms þar að lútandi.

Í öðru lagi vísar stefnandi til 1. mgr. 75. mgr. stjórnarskrárinnar. Stefnandi tekur fram að umrætt reglugerðarákvæði, sem feli það í sér að bílaleigur geti ekki leigt út bifreiðar sínar til sama aðila lengur en í 45 daga á hverju 100 daga tímabili, sé takmörkun á atvinnufrelsi stefnanda sem varið sé með 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Atvinnufrelsi verði hins vegar ekki skert nema með lagaboði. Stæði til að takmarka atvinnufrelsi stefnanda með því að setja hámark við því hversu lengi honum sé heimilt að leigja bifreiðar sé ljóst að slík takmörkun hefði þurft að koma fram í settum lögum. Svo sé hins vegar ekki í þessu tilfalli. Þar með sé ljóst, að umrætt reglugerðarákvæði sé andstætt 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Á reglugerðarákvæðinu verði ekki byggt við töku íþyngjandi stjórnvaldsákvörðunar og sé umrædd ákvörðun tollstjóra því ógild af þeim sökum.

Í þriðja lagi byggir stefnandi á því að ákveðnar kröfur þurfi að gera til gjaldtökuheimilda. Í 1. ml. 40. gr. stjórnarskrárinnar segi að engan skatt megi á leggja, breyta né af taka nema með lögum. Í 1. mgr. 77. gr. sé ákvæði sem lúti að sama efni. Þar segi: „Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann.“ Með lögfestingu 15. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 hafi 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar verið breytt í það horf sem að ofan sé lýst. Í athugasemdum greinargerðar við umrædda 15. gr. komi fram að hugtakið skattur væri ekki bundið við gjöld sem væru bókstaflega nefnd skattar í lögum eins og eigi t.d. við um tekjuskatt, eignarskatt og virðisaukaskatt, heldur næði það einnig til gjalda sem hefðu sömu einkenni, svo sem tolla.

Sú takmörkun á eftirgjöf vörugjalds á bifreiðum, sem ætlaðar séu til útleigu og finna megi í reglugerð nr. 331/2000, gangi lengra en samrýmst geti þeim kröfum sem leiddar verði af ákvæðum 40. gr. og 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Í umræddri reglugerð sé stjórnvaldið, fjármálaráðherra, að setja skilyrði fyrir lækkun skatta sem ekki sé að finna heimild fyrir í settum lögum. Þar með hafi stjórnvaldið tekið sér vald sem samkvæmt skýlausum ákvæðum stjórnarskrár sé einungis á hendi lögjafans. Slíkt sé ótækt. Umræddar kröfur, sem fram komi í reglugerð 331/2000, séu því ólögmatar og ekki á þeim byggjandi. Af þeirri ástæðu sé umdeild stjórnvaldsákvörðun tollstjóra, sem byggist á hinu ólögmatu ákvæði, ógild og sé krafist dóms þar um.

Í fjórða lagi byggir stefnandi á því að honum hafi ekki verið veittur andmælaréttur. Stefnanda hafi aldrei verið tilkynnt að mál um fyrirhugaða afturköllun eftirgjafar

umrædds vörugjalds væri til meðferðar hjá tollstjóra þrátt fyrir afdráttarlausu tilkynningarskyldu stjórnvalds þess efnis skv. 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Þá hafi stefnandi ekki mátt búast við að slík ákvörðun væri í vændum enda ljóst að gagnaöflun tollstjóra hafi farið fram undir þeim formerkjum að um stikkprufu væri að ræða, og ekki útskýrt fyrir stefnanda hvað í slíkri stikkprufu fælist.

Samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga skuli aðili máls eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald taki ákvörðun í því, enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Meginreglan um andmælarétt og tilgangur hennar sé afar skýr í íslenskum rétti.

Réttur stefnanda til andmæla hafi verið fortakslaus miðað við atvik málsins. Stefnandi hafi hins vegar hvorki fengið tækifæri til að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun né að tjá sig um þau gögn sem fram hafi verið komin, eða skýra þau nánar. Sá annmarki á málsmeðferð tollstjóra við töku umræddrar ákvörðunar teljist vera verulegur. Megi því ætla að umrædd íþyngjandi ákvörðun tollstjóra sé ógildanleg og sé í máli þessu krafist dóms þar um.

Krafa um málskostnað byggist á XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað byggist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Krafa um vexti og dráttarvexti byggist á ákvæðum laga nr. 29/1995, sér í lagi 2. gr. laganna, sem og 125. gr. laga nr. 88/2005, bæði með vísan til laga nr. 38/2001, sér í lagi til 1. mgr. 6. gr. laganna og 1. mgr. 8. gr. Upphafsdagur vaxta sé greiðsludagur oftekinna gjalda en upphafsdagur dráttarvaxta stefnubirtingardagur. Um varnarþing vísast til 3. mgr. 33. gr. einkamálalaga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi vísar sjónarmiðum stefnanda og kröfum á þeim reistum eindregið á bug. Í 3. tl. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 331/2000, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 922/2002 um vörugjald af ökutækjum sé kveðið á um að bifreið skuli að jafnaði leigð út til þriggja vikna eða skemur vegna tímabundinna þarfa leigutaka og að bílaleigu sé óheimilt að gera leigusamning við sama leigutaka, einstakling eða lögaðila, eða aðila tengdan honum, lengur en í 45 daga af sérhverju 100 daga tímabili. Sú regla eigi fulla stoð í ákvæðum laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum og reglugerðarheimildum ráðherra samkvæmt þeim.

Í 3. gr. laga nr. 29/1993 sé kveðið á um að vörugjald skuli lagt á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki. Í 2. mgr. 3. gr., 4. gr. og 5. gr. sé svo að finna undanþágur frá hinni almennu gjaldskyldu.

Ákvæði um ívilnun vörugjalda vegna bifreiða sem notaðar séu til útleigu á vegum bílaleigufyrirtækja hafi upphaflega komist á með lögum nr. 8/2000 um breytingu á lögum nr. 29/1993 samhliða setningu laga um bílaleigur nr. 64/2000 og tengdist ívilnunin í vörugjaldslögunum setningu síðargreindu laganna.

Þegar stefnandi hafi sótt um og fengið eftirgefið vörugjald af bifreiðinni hafi ákvæði verið um heimildir til lækkunar á vörugjaldi af bifreiðum sem ætlaðar séu til útleigu hjá bílaleigum í 5. tl. 2. mgr. 5. gr., sbr. d. lið 3. gr. laga nr. 8/2000 (sjá nú 2. tl. 2. mgr. 5. gr. laganna sbr. lög nr. 156/2010.) Samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 5. gr. skyldi vörugjald af bifreiðum sem ætlaðar væru til útleigu hjá bílaleigum vera ýmist 10 eða 13%, sbr. 1. málslíð 5. tl. 5. gr. Í framhaldi af því sé í 5. tl. kveðið á um skilyrði lækkunar vörugjalds og séu ákvæði um það svohljóðandi:

„Bifreið sem ber lægra vörugjald samkvæmt þessum tölulið skal skráð á bílaleigu sem hefur leyfi samgönguráðuneytisins til að leigja bifreiðar eða fjármögnunarleigu vegna fjármögnunarleigusamnings við bílaleigu. Einungis er heimilt að nýta bifreið samkvæmt þessum tölulið til útleigu hjá þeirri bílaleigu sem skráð er fyrir bifreiðinni. Bílaleiga skal haga bókhaldi sínu þannig að hún geti á hverjum tíma gert grein fyrir akstri þeirra bifreiða sem bera lægra vörugjald samkvæmt þessum tölulið. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um. Sé bifreið notuð til annars er tollstjóra heimilt að innheimta fullt vörugjald skv. 3. gr. laganna, með 50% álagi. Við mat á því hvort bifreið hafi einungis verið notuð til útleigu skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 90% af akstri hennar með framlagningu leigusamninga eða öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um þær bifreiðar sem njóta undanþágu samkvæmt þessum lið. Brot á ákvæðum hans varðar því að hin brotlega bílaleiga missir rétt til lækkunar í þrjú ár frá síðasta broti.“

Þá sé í 3. mgr. 5. gr. ákvæði um reglugerðarheimild ráðherra sem gildi sérstaklega fyrir þau ökutæki sem falli undir 2. mgr. 5. gr. sem hljóði svo:

„Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði um þau ökutæki sem falla undir 2. mgr., svo sem um notkun ökutækis, búnað þess og hvað teljist vera aðalatvinna skv. 4. tl. 2. mgr., svo og ákvæði um endurgreiðslu á mismun vörugjalds skv. 3. gr. annars vegar og 2. mgr. hins vegar ef skilyrðunum er ekki fylgt.“

Ákvæði 5. gr. laganna feli í sér undantekningu frá meginreglum 3. gr. laganna um gjaldskyldu og gjaldhæð sem taki til ökutækja sem eingöngu séu notuð við tiltekna starfsemi, í þessu tilviki rekstur bílaleigu, sem feli það í sér að ökutæki sé tekið á leigu til skemmri tíma vegna tímabundinna þarfa leigutaka. Samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 5. gr. geti ráðherra þannig sett nánari reglur um bifreiðar sem njóti undanþágu samkvæmt 5. tl., svo sem um notkun þeirra eins og skýrlega sé tekið fram í 3. mgr. 5. gr. og falli þar m.a. undir takmörkun á leigutíma. Í 5. tl. komi skýrt fram skilyrði sem lúta að því að bifreið skuli vera skráð á bílaleigu, einungis nýtt þar til útleigu og að bílaleigan skuli hafa leyfi til reksturs bílaleigu.

Í lögum um bílaleigur nr. 64/2000 sé kveðið á um starfsemi bílaleigna og skilyrði starfsleyfis þeirra. Samkvæmt 1. gr. þeirra laga gildi þau um leigu á skráningarskyldum ökutækjum í atvinnuskyni án ökumanns. Lögin taki þó ekki til starfsemi kaupleigu- eða fjármögnunarfyrirtækja eða leigu í eigin þágu eða til tengdra aðila. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 26/2006, sé bílaleiga starfsemi sem rekin sé í atvinnuskyni þar sem almenningi eða fyrirtækjum sé boðið til leigu skráningarskyllt ökutæki, að jafnaði um skemmri tíma, sbr. þó 2. mgr. 6. gr.

Ákvæði 2. mgr. 6. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 26/2006 er svohljóðandi:

„Leigusamningur milli bílaleigu og leigutaka skal að jafnaði takmarkast við þrjár vikur ef ökutæki sem leigt er hefur notið lægri vörugjalda sbr. 5. tl. 5. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993 með síðari breytingum. Ef ökutæki hefur ekki notið lægri vörugjalda eða 15 mánuðir eru liðnir frá nýskráningu ökutækis sem notið hefur lægri vörugjalda, sbr. 1. másl. er bílaleigu heimilt að leigja það til lengri tíma.“

Af framangreindu sé alveg ljóst að sjónarmið stefnanda, um að takmörkun leigutíma hafi ekki lagastoð og brjóti gegn lagaáskilnaðarreglu atvinnufrelsisákvæðis stjórnarskrár, fái ekki staðist hvernig sem á það sé litið. Þá sé vandséð að álagning skatta, hvað þá ívilnun vegna þeirra, geti yfirhöfuð falið í sér skorður við frelsi til að stunda atvinnu sem menn kjósi sér í skilningi 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrár, allra síst í ljósi sérstakra ákvæða í 40. gr. og 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrár um skatta.

Ekki fái heldur staðist, sbr. það sem að framan sé rakið, að nánari útfærsla skilyrða í reglugerð í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 5. tl. 5. gr. laga nr. 29/1993 og 3. mgr. 5. gr. varðandi notkun og leigutíma geti falið í sér framsal skattlagningarvalds andstætt ákvæðum 40. og 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Staðhæfingum stefnanda, um að brotið hafi verið gegn andmælarétti stefnanda og tilkynningarskyldu við málsmeðferðina og að ákvörðun tollstjóra sé ógildanleg af þeim sökum, sé eindregið vísað á bug.

Ekki fái staðist sú fullyrðing stefnanda að hann hafi ekki haft vitneskju um að til innheimtu eftirgefins vörugjalds gæti komið þegar tollstjóri hafi farið fram á að fá afrit af leigusamningum vegna bifreiðarinnar. Stefnanda hafi verið fullkomlega ljós skilyrði fyrir því að vörugjald hafi verið gefið eftir við innflutning bifreiðarinnar og hafi hann gefið út sérstaka yfirlýsingu vegna eftirgjafarinnar. Í yfirlýsingunni komi fram að bifreið skuli að jafnaði leigð út til þriggja vikna eða skemur vegna tímabundinna þarfa leigutaka. Jafnframt komi fram í yfirlýsingunni þau skilyrði 14. gr. reglugerðar nr. 331/2000, sbr. reglugerð nr. 922/2002, að bílaleigu sé óheimilt að gera leigusamning við sama leigutaka, einstakling eða lögaðila, eða aðila tengdan honum, lengur en í 45 daga á sérhverju 100 daga tímabili. Í yfirlýsingunni komi einnig fram að ef brotið verði gegn skilyrðum laga nr. 1993 og reglugerðarinnar skuldbindi stefnandi sig til að greiða mismun á fjárhæð vörugjalds sem greitt hafi verið og þeirri fjárhæð sem borið hefði að greiða ef ekki hefði komið til lækkunar.

Stefnanda hafi mátt vera ljóst þegar hann hafi farið fram á afléttingu kvaða af bifreiðinni vegna eigendaskipta, og tollstjóri hafi kallað eftir leigusamningum, að tollstjóri væri vegna stikkprufu að athuga hvort skilyrðum fyrir lækkun vörugjalds samkvæmt lögum nr. 29/1993 og reglugerð nr. 331/2000 m.s.br. hefði í reynd verið fullnægt. Stefnanda hafi einnig mátt vera ljóst vegna erindis hans sjálfs að slíkt væri til athugunar. Ákvörðun tollstjóra hafi byggst á leigusamningum sem stefnandi hafi sjálfur lagt fram og í yfirlýsingu stefnanda vegna umsóknar hans um eftirgjöf vörugjalda hafi legið fyrir þau skilyrði er henni hafi verið sett og viðurlög við brotum á þeim. Um hafi verið að ræða gögn sem telja verði óþarft að veita aðila færi á að tjá sig um, þar sem afstaða aðila og rök hafi legið fyrir í gögnum málsins.

Verði ekki á sýknukröfu umbjóðanda míns fallist sé til vara krafist lækkunar stefnukrafnanna. Í því sambandi sé á því byggt, komist dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ógilda beri ákvörðun tollstjóra vegna ætlaðra brota á andmælarétti, að allt að einu beri að sýkna af endurgreiðslukröfu stefnanda.

Vaxtakröfum stefnanda sé mótmælt. Af hálfu stefnanda sé gerð krafa um bæði vexti skv. 1. mgr. 8. gr. og dráttarvexti skv. 6. gr. frá 13. janúar 2012 til greiðsludags sem ekki fái staðist skv. lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Niðurstaða

Stefnandi byggir mál sitt bæði á því að formlega hafi ekki verið rétt staðið að ákvörðun tollstjóra sem og að efnislega standist hún ekki.

Samkvæmt 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 skal aðili máls eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Í 14. gr. sömu laga kemur fram að eigi aðili máls rétt á að tjá sig um efni þess skv. 13. gr. skuli stjórnvald, svo fljótt sem því verður við komið, vekja athygli aðila á því að mál hans sé til meðferðar, nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram.

Fyrir liggur í málinu að stefnandi sótti um eftirgjöf á vörugjaldi af bílaleigubifreið hinn 1. október 2009 í samræmi við 2. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 133/2000 um vörugjald af ökutækjum. Hinn 2. október 2009 er undirrituð yfirlýsing fyrir hönd stefnanda, þar sem fram kemur að stefnanda sé óheimilt að gera leigusamning við sama leigutaka, einstakling eða lögaðila eða aðila tengdan honum, lengur en í 45 daga af sérhverju 100 daga tímabili, hvort heldur sem er um sömu bifreið að ræða eða aðra bifreið. Þá kemur fram að verði brotið gegn skilyrðum laga nr. 29/1993 og reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum, skuldbindi bílaleigan sig til að greiða mismun á fjárhæð vörugjalds sem greitt var og þeirri fjárhæð sem borið hefði að greiða ef ekki hefði komið til lækkunar eða niðurfellingar, ásamt 50% álagi, auk dráttarvaxta frá niðurfellingardegi til greiðsludags.

Hinn 28. september 2011 óskaði stefnandi eftir því að svokölluðum breytingarlás tiltekinna bifreiða yrði aflétt, þar á meðal á bifreiðinni HLN81 þar sem til stæði að selja bifreiðarnar. Hinn 11. október 2011 óskaði tollstjórinn eftir bílaleigusamningum vegna bifreiðarinnar HLN81 og annarrar bifreiðar og kvað tollstjóri að um „stikkprufu“ væri að ræða. Hinn 10. nóvember 2011 óskaði stefnandi eftir svörum við því hvort aflétting á breytingarlás væri að vænta. Daginn eftir, eða hinn 11. nóvember 2011, afturkallaði tollstjórinn eftirgjöfina á vörugjaldinu vegna bifreiðarinnar HLN81 og krafðist greiðslu að fjárhæð 2.640.264 kr. innan 15 daga. Í málinu er þess krafist að ákvörðunin verði ógilt og að nefnd fjárhæð verði endurgreidd stefnanda.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ákvörðunin hafi verið tekin án þess að stefnanda hafi verið kynnt að mál hans væri til rannsóknar. Það að tilgreina að „stikkprufa“ væri tekin varðandi leigusamninga tveggja bifreiða nægir hér ekki. Það orðalag gefur ekki til kynna að um rannsókn sé að ræða sem leitt gæti til íþyngjandi ákvörðunar fyrir stefnanda án frekari fyrirvara. Ákvörðun tollstjóra hinn 11. nóvember 2011 var einnig tekin án þess að stefnanda væri gefinn kostur á að andmæla. Ekki er fallist á að afstaða stefnanda hafi legið fyrir í gögnum málsins áður en tollstjórinn tók ákvörðunina, þótt stefnandi hafi ritað undir yfirlýsinguna 2. október 2009. Fyrir fram gat tollstjóri ekki ákveðið að óþarft væri að gefa stefnanda andmælarétt. Málssókn þessi og skýrslutökur fyrir dómi sýna að stefnandi hafði athugasemdir um niðurfellinguna á eftirgjöfinni sem átt hefði að gefa honum kost á að hafa uppi fyrir tollstjóra. Um verulegan annmarka á málsmeðferð tollstjóra er að ræða. Með vísan til þess sem að framan greinir er fallist á kröfu stefnanda um að málsmeðferð tollstjóra hafi verið í andstöðu við 13. gr. og 14. gr. stjórnarsýslulaga. Þegar af þessari ástæðu er krafa stefnanda um ógildingu ákvörðunar tollstjóra frá 11. nóvember 2011 tekin til greina. Í ljósi þessarar niðurstöðu ber stefnda einnig að endurgreiða stefnanda 2.640.235 kr. Engin efni standa til lækkunar þeirrar kröfu. Samkvæmt dómkröfu krefst stefnandi vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 21. nóvember 2011 til greiðsludags og dráttarvaxta, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 13. janúar 2012 til greiðsludags. Vaxtakrafan er í andstöðu við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu m.s.br. og uppfyllir ekki skilyrði 80. gr. laga um meðferð einkamála og er henni vísað frá dómi.

Með vísan til 130. gr. laga um meðferð einkamála ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 700.000 kr.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Vaxtakröfu stefnanda, Bílaleigunnar Berg ehf., er vísað frá dómi

Ógilt er ákvörðun tollstjóra frá 11. nóvember 2011, þess efnis að afturkalla eftirgjöf á vörugjaldi vegna bílaleigubifreiðar HLN81.

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Bílaleigunni Bergi 2.640.235 kr. og 700.000 kr. í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir

